



## Umhverfisstefna Garðasels

### Markmið

- ❑ að börn og starfsfólk læri að umgangast umhverfið og náttúruna af virðingu
- ❑ að börn og starfsfólk sameinist um að minnka vatns- og orkunotkun í leikskólanum
- ❑ að skapa börnum og starfsfólki jákvæðar og uppbyggjandi vinnuáðstæður
- ❑ að fara skipulega yfir öryggismál hvað varðar húsnæði, húsbúnað leiktæki og starfshætti

### Leiðir:

- ❑ Ferðir út í náttúruna / skoða og skynja / fylgjast með breytingum.  
*Stytttri og lengri vettvangsferðir, s.s. lambaferð að Bjarteyjarsandi, útskriftarferð í Skorradal, gönguferðir um umhverfi Akraness. Útikennsla á sumrin ( skógrækt, Langisandur). Ræktun, s.s kartöflur, blóm og grænmeti*
- ❑ Endurnýting  
*Endurnýta pappír og annað endurnýtanlegt efni í umhverfinu. Hvetja börn og starfsfólk til að koma með að heiman það sem hægt er að nota aftur*
- ❑ Pappírnotkun  
*Vera meðvitaðar um að fara vel með pappírinn. Kenna börnunum að nýta pappírinn vel. Draga úr notkun pappírshandþurrkna með því að nota handklæði samhliða þeim.*
- ❑ Pappírsgerð  
*Kenna börnunum að búa til pappír úr endurvinnanlegum úrgangspappír. Þetta er gert að lágmarki einu sinni til tvisvar á ári. "Pappírinn" okkar er síðan notaður m.a. í myndlistarvinnu, kortagerð og fleira*
- ❑ Hreinsunardagar  
*25. apríl er Dagur umhverfisins og þá hreinsa börn og starfsfólk nánasta umhverfi sitt í leikskólanum. Ef þennan dag ber upp á frídag skal finna annan dag sem næst honum.. Virkja börnin oftast í að hreinsa leikskólalóðina og næsta umhverfi hennar.*
- ❑ Flokka og skila spilliefnum á viðeigandi staði  
*Rafhlöðum safnað saman og skilað í þar til gerðar tunnur, t.d. á bensínstöðvum*
- ❑ Velja umhverfisvottaðar vörur eins oft og kostur er  
*Á við um allar hreinlætisvörur, t.d. sápur, hreinsiefni, pappír ofl.*
- ❑ Minnka orku- og vatnsnotkun í leikskólanum  
*Slökkva ljós í mannlausum rýmum. Setja merkingar fyrir ofan slökkvara til að minna börn og starfsfólk á að slökkva. Festa stillingar á ofnum.*
- ❑ Umferðavikur að vori og hausti  
*Til að auka öryggi barna í umferðinni eru tvær umferðarvikur í leikskólanum til að æfa börnin í umferðarreglum og fræða þau um öryggi í umhverfinu*

Segðu mér það, ég gleymi því.  
Sýndu mér það, ég man það.  
Leyfðu mér að fást við það, þá skil ég það.

18.mars 2005